

REGLUGERÐ

um fyrirkomulag mats og eftirlits með sjávarafurðum til útflutnings.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til fyrirkomulags við mat og eftirlit með framleiðslu sjávarafurða til útflutnings, annarra en lagmetis, og verkaskiptingu milli framleiðenda, útflytjenda og Ríkismats sjávarafurða.

2. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur heimilað einstökum aðilum að annast mat og eftirlit með framleiðslu sjávarafurða til útflutnings. Sjávarútvegsráðuneytið staðfestir viðurkenningu á mats- og eftirlitsstarfsemi útflytjenda að fenginni umsögn Ríkismats sjávarafurða. Ennfremur getur ráðuneytið falið rannsóknastofnum útflytjenda, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða, rannsóknir á tilteknum sjávarafurðum.

3. gr.

Þeir aðilar sem hlotið hafa viðurkenningu sjávarútvegsráðuneytisins samkvæmt 2. gr. hér að framan hafa með höndum eftirlit með hráefni og vinnslu, og sjá um flokkun og úttekt sjávarafurða til útflutnings. Þeir skulu ganga úr skugga um að framleiðendur hafi tilskilin vinnsluleyfi. Þeir gefa út flokkunar- og pökkunarreglur og senda þær til framleiðenda og skulu þær tilgreina hvernig hráefnisvali vinnslustöðvar, afurðamati, flokkun, pökkun, vigtun og merkingu skuli háttað. Ríkismat sjávarafurða hefur aðgang að pökkunarreglum.

4. gr.

Hver sá, sem ætlar að flytja úr landi sjávarafurðir, skal tilkynna það skrifstofu Ríkismats sjávarafurða með hæfilegum fyrirvara.

5. gr.

Skreið og saltfiskur sem flutt eru út frá Íslandi skulu metin af löggiltum matsmönnum sem starfa undir eftirliti og í umboði eftirlitsdeilda útflytjenda og Ríkismats sjávarafurða. Matsvottorð þeirra skulu liggja fyrir, áður en úttekt fer fram.

Ríkismat sjávarafurða eða viðurkenndir eftirlitsaðilar annast úttekt skreiðar og saltfisks, áður en útskipun fer fram og skal úttektarvottorð fylgja afurðunum við útskipun.

Hraðfrystum fiski og öðrum afurðum sem ekki eru metnar sérstaklega fyrir afskipun skal fylgja matsvottorð frá löggiltum matsmanni viðkomandi vinnslustöðvar.

Saltsíld, söltuðum hrognum og öðrum afurðum, sem sérstaklega eru teknar út, áður en útskipun fer fram, skal fylgja úttektarvottorð frá Ríkismati sjávarafurða eða viðurkenndum eftirlitsaðila.

Matsmenn bera ábyrgð á að afurðir uppfylli ákvæði gildandi reglna og fyrirmæla. Þeir geta verið fastir starfsmenn fiskverkenda enda brjóti störf þeirra ekki í bága við skyldur þeirra sem matsmanna.

6. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið gefur út reglugerðir um lágmarkskröfur með tilliti til gæða, örverugróðurs, innihalds mengunarefna svo og merkinga.

7. gr.

Öllum sjávarafurðum sem fluttar eru út frá Íslandi og reglugerð þessi tekur til skal fylgja útflutningsvottorð frá Ríkismati sjávarafurða byggt á úttektar- og matsvottorðum sbr. 5. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur þó veitt einstökum útflytjendum með viðurkenndar eftirlitsdeildir sbr. 2. gr. leyfi til útgáfu útflutningsvottorða til tiltekinna landa. Sjávarútvegsráðuneytið veitir slík leyfi til ákveðins tíma í senn að fenginni umsögn fiskmatsráðs.

Ríkismat sjávarafurða skal að lokinni lestun fisks eða fiskafurða hafa aðgang að skýrslum útflytjenda um nöfn framleiðenda, fisktegundir, pakkningar og magn. Úttektarvottorð yfir þær afurðir sem fallið hafa við úttekt skulu send Ríkismati sjávarafurða.

8. gr.

Ríkismat sjávarafurða fylgist með því að eftirlitsstarfsemi útflytjenda sé fullnægjandi og úttekt afurða sé í samræmi við gildandi fyrirmæli.

9. gr.

Ríkismat sjávarafurða skal annast eftirlit fyrir þá aðila sem hvorki hafa viðurkennda eftirlitsstarfsemi né kaupa hana af viðurkenndum aðila. Greiðsla fyrir þjónustu Ríkismats sjávarafurða er samkvæmt gjaldskrá sem staðfest er af sjávarútvegsráðuneytinu.

10. gr.

Lestun fisks er óheimil nema lestunarstjóri fái í hendur matsvottorð frá matsmanni framleiðanda eða úttektarskýrslu eftirlitsaðila, sé um fisk eða fiskafurðir að ræða sem sérstaklega eru skoðaðar eða teknar út áður en afskipun fer fram.

11. gr.

Ríkismat sjávarafurða er heimilt að svipta framleiðanda vinnsluleyfi sýni hann vítaverða meðferð á hráefni eða komi alvarlegir gallar í ljós í afurðum hans. Vítaverð er sú meðferð, sem fyrirsjáanlega leiðir til tjóns og framleiðandi hefði átt að hindra. Ennfremur er heimilt að svipta framleiðanda vinnsluleyfi, geri hann tilraun til yfirhyllingar eða leyndar á göllum í afurðum í útflutningsástandi eða útflutningsumbúðum. Sjávarútvegsráðherra tekur ákvörðun um endurveitingu vinnsluleyfis á grundvelli formlegrar umsóknar framleiðenda og umsagnar fiskmatsráðs.

Ríkismat sjávarafurða skal upplýsa útflytjendur um nöfn þeirra framleiðenda sem vinnsluleyfi hafa og jafnframt um sviptingu leyfa.

12. gr.

Ef ágreiningur rís vegna fiskmats eða eftirlits úrskurða yfirfiskmatsmenn í samráði við fiskmatsstjóra og fiskmatsráð. Skjóta má úrskurði um skilning á reglugerð þessari til ráðherra.

13. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 53. 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. mars 1985.

Halldór Ásgrímsson.

Jón L. Arnalds.